



Fundargerð

1. fundur lýðheilsuráðs Reykjanesbæjar, haldinn að Tjarnargötu 12

17. september 2019, kl. 14:30

Viðstaddir: Jóhann Friðrik Friðriksson formaður, Guðrún Ösp Theodórsdóttir, Kristín Gyða Njálsdóttir, Guðrún Pálsdóttir, Anna Sigríður Jóhannesdóttir, Hera Ósk Einarsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs, Guðrún Magnúsdóttir lýðheilsufulltrúi, Kjartan Már Kjartansson bæjarstjóri og Aðalheiður Ósk Gunnarsdóttir ritari.

* * *

1. Skipting embætti (2019090423)

Jóhann Friðrik ~~Jóhannsson~~ ^{Friðriksson} og Anna Sigríður Jóhannesdóttir buðu sig fram í embætti formanns og var Jóhann kjörinn með þremur atkvæðum fulltrúa meirihluta. Guðrún Ösp Theodórsdóttir og Anna Sigríður Jóhannesdóttir buðu sig fram í embætti varaformanns og var Guðrún Ösp kjörin með fjórum atkvæðum meirihluta og fulltrúa Á-lista. Anna Sigríður Jóhannesdóttir var kjörin ritari. Voru þau réttkjörin.

2. Erindisbréf lýðheilsuráðs (2019090424)

Drög að erindisbréfi lýðheilsuráðs lagt fram.

Lýðheilsuráð gerir athugasemd við að í 3. grein kemur fram að bæjarstjórn kjósi formann nefndar en það á sér ekki stoð í samþykktum um stjórn Reykjanesbæjar og fundarskóp bæjarstjórnar. Að öðru leyti samþykkir lýðheilsuráð erindisbréfið og vísar því til afgreiðslu forsætisnefndar.

3. Verkefni og starfssvið lýðheilsuráðs (2019090425)

Hera Ósk Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs, kynnti verkefni og starfssvið lýðheilsuráðs. Hún kynnti einnig nýjan lýðheilsufulltrúa, Guðrúnu Magnúsdóttir, og fór yfir starfssvið hennar.

4. Fundartími lýðheilsuráðs (2019090426)

Sviðsstjóra velferðarsviðs er falið að gera tillögu um fundardag ráðsins. Fundartími skal vera kl. 8:15.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:30.

Anna Sigríður Jóhannesdóttir
Kristín Gyða Njálsdóttir
Guðrún Pálsdóttir

Jóhann Friðrik
Guðrún Ösp Theodórsdóttir